

26.06.18

Fundur foreldraráðs

Mættir: Guðrún Hrafnhildur, Sif, Hugrún og Júlíana.

1. Farið yfir skóladagatal fyrir 2018-2019.
 - a. Breytingar á næsta skólaári að jólaball og jólakaffi verður á sama degi til að koma til móts við þarfir foreldra út frá skólalúpsinum og umræðu foreldra eftir síðasta jólaball. Einnig eru árshátíðir og aðrar hátíðir eins og sumarhátíðin tímasettar fram í tímann til að koma til móts við foreldra. Sumarhátíðin var í ár einnig fyrirfram ákveðin að ósk foreldra og hitti þannig á að hún lenti á „HM degi“ sem var ekki vitað þegar dagatalið var gert á sínum tíma. Ákveðið var þó að prófa aftur að festa niður dag fyrir næstu sumarhátíð og má finna dagsetningar á skóladagatali sem mun birtast á heimasíðu skólans.
 - b. Ópið flæði á yngri og eldri deildum í hverjum mánuði með ýmsum stöðvum um allan leikskólann og börnin fá að flakka á milli og kynna sér það sem þau hafa áhuga á og velja sér sjálf. Í staðinn er losað um skipulagt starf inn á deildum á meðan. Verður gaman að sjá hvernig börnin blandast á milli deilda.
2. Valhöll reynist vel en það er deild með elstu börnum leikskólans sem er starfrækt frá 1. júní þangað til börnin byrja í skólanum. Börnin koma þá öll inn á deildina í skipulagt starf en einnig er mikið um val hvort sem það snýr að fjölda útivistarstunda, gönguferða eða einstaklingsvinnu. Með þessu er einnig búið að auðvelda aðlögun yngri barna á eldri deildir.
3. Um leikskólann og starfsemi hans
 - a. Júlíana hefur verið að kynna starf leikskólans en öðrum finnst til eftirbreytni hvernig þau hafa verið með læsislotur sínar og teymisvinnu innan starfsmannahópsins.
 - b. Guðrún Hrafnhildur verður verkefnastjóri yfir heilsuteymi og verður foreldrum boðið að taka þátt í teyminu með starfsfólki leikskólans.
 - c. Lögð verður áhersla á að endurskoða þau 3 námskrárhefti sem búið er að lesa og meta hvernig það hefur nýst í starfi hingað til og hverju sé hægt að breyta og bæta.
 - d. Jóhanna Runólfs og Guðrún Hrafnhildur munu skipta með sér hreyfingu á leikskólanum næsta vetur.
 - e. Ekki miklar mannabreytingar, það er stöðugleiki. Þarf að ráða í eina stöðu.
4. Úttekt hjá menntamálaráðuneyti sem kom afar vel út og öðrum skólum til eftirbreytni. Tillögur að umbótum voru settar fram og byrjað er að bregðast við þeim og nokkrum atriðum þegar lokið. Inn á heimasíðu leikskólans, er að finna skýrsluna frá Menntamálastofnun og umbótaáætlun leikskólans. Þar er jafnframt hægt að finna niðurstöður úr skólalúpsinum.
5. Starfsáætlun 2018-2019 kynnt og farið yfir hana. Hana er að finna á heimasíðu leikskólans sem og umbótaáætlun skólaársins 2017-2018.
6. Deildarstjórar eru tilbúnir að kynna sér ný aðlögunarferli barna á leikskóla og verður gefinn góður tími í það. Samningur við Svövu Björg Mörk um handleiðslu deildarstjóra í 5 skipti á næsta skólaári.
7. Starfsmannakönnun kom mjög vel út. Unnið að umbótaáætlun í hópum þvert á húsið og menntun sem var skemmtileg vinna og áhugaverðar umræður sem sköpuðust.
8. Þróunarverkefni tókst vel og mikil fagmennska í húsinu. Ráðuneytið sammála því. Gróska meðal fagfólks og ófaglærðra. Faglegar umræður á fundum. Margir starfsmenn verða í námi á næsta ári og því ber að fagna.

Fundi slitið kl. 21:20

Hugrún Vignisdóttir ritaði fundargerð.